



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 22.10.2020
Tilvísun vor: M-2020-312/ 00.11

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um föngun, flutning og varanlega geymslu koldíoxíð neðanjarðar

Vísað er í samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. 215/2020, þar sem Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir umsögn um drög að frumvarpi til laga um föngun, flutning og varanlega geymslu koldíoxíðs neðanjarðar.

Um er að ræða innleiðingu tilskipunar ESB 2009/31/EB um kolefnisföngun og geymslu á koldíoxíði á þann veg að föngun og geymsla þess verði heimil á íslensku yfirráðasvæði. Jafnframt á frumvarpið að tryggja að aðferðarfræði Carbfix verkefnis OR falli að ákvæðum tilskipunarinnar.

Landsvirkjun vill vekja athygli á því að um er að ræða innleiðingu á ramma utan um niðurdælingu (injection) koldíoxíðs í önnur jarðlög en það kom úr. Tilskipunin á ekki við um þegar koldíoxíði er dælt strax aftur niður (re-injection) í jarðlög þaðan sem það kom þ.e. í sitt náttúrulega umhverfi eins og á við um jarðhitavinnslu á Íslandi.


Landsvirkjun hefur kynnt sér gögn um málið sem eru birt í samráðsgáttinni og telur að það sé til bóta að innleiða tilskipunina og með því gera mögulegt að tengja ávinning af niðurdælingu (injection) koldíoxíðs frá iðjuverum á Íslandi við viðskiptakerfi ETS.


Fram kemur að frumvarpið eigi að tryggja að aðferðarfræði Carbfix verkefnis falli að ákvæðum tilskipunarinnar. Um ræðir eina aðferð, sem byggir meðal annars á tækni til að fanga koldíoxíð úr útstreymi jarðhitavirkjana. Eins og fram kemur í greinargerðinni á frumvarpið ekki að koma í veg fyrir annars konar geymslu á kolefni og að það sé ekki skilyrði í tilskipuninni að kolefnið bindist varanlega í jarðlögum heldur er áherslan á að það geymist varanlega. Landsvirkjun vill vara við því að gerð sé krafa um að kolefni sem dælt sé niður í íslensk jarðlög bindist varanlega með steinrenningu og gera þar með meiri kröfur en gerðar eru í tilskipuninni. Mikilvægt er að ein aðferð útiloki ekki aðrar sem skila sama ávinningi fyrir loftslagið.

Byggt á framangreindu leggur Landsvirkjun til að í skilgreiningu um niðurdælingu koldíoxíðs verði vísað til varanlegrar geymslu en ekki steinrenningar eins og lagt er til í frumvarpinu. Skilgreiningin yrði þá *Niðurdæling koldíoxíðs: Óblönduðu koldíoxíði dælt niður til geymslu í holrýmum í jarðlögum eða niðurdæling koldíoxíðs sem hefur verið bundið í vatni og dælt niður í jarðlög til varanlegrar geymslu.*

Landsvirkjun vill einnig benda á að til að steinrenning komi til frádráttar á heildarlosun í bókhaldi innan viðskiptakerfis með losunarheimildir, þá þarf að breyta tilskipuninni þar sem hún kveður ekki á um það í dag. Af frumvarpinu mætti skilja að Ísland sé að ábyrgjast að tilskipuninni verði breytt þannig að stóriðjan geti nýtt sér steinrenningu til frádráttar.

Virðingarfyllt,


Kristín Linda Árnadóttir,
aðstoðarforstjóri


Jóna Bjarnadóttir,
forstöðumaður umhverfis og auðlinda